

Meðferðarvinna í bráðafasa

Erindi á ráðstefnu BUGL 10. janúar 2014

Ragna Kristmundsdóttir og Edda Arndal,
geðhjúkrunarfræðingar í bráðateymi BUGL

Það sem við munum ræða:

- Algengustu komuástæður í bráðaviðtölum á BUGL
- Bráðafasinn-Hvað einkennir hann, markmið, forgangsröðun inngripa o.s.frv.
- Meðferð sem bráðateymi BUGL veitir í bráðafasanum og rökstuðningur fyrir henni
- Útskrift úr bráðateymi
- Klínískt dæmi um mál sem fékk meðferð hjá bráðateymi

Bráðateymi BUGL

-Algengustu komuástæður

- Sjálfsvígstilraun
 - Mjög oft ofskammtur af algengum verkjalyfjum, t.d. Íbúfen eða Paratabs, og/eða lyfjum sem barnið er sjálft að taka.
- Sjálfsvígshugsanir
 - Barnið hefur trúað einhverjum fyrir sjálfsvígshugsunum og beðið er um nánara mat hjá bráðateymi.
- Möguleg geðrofseinkenni
 - Barnið hefur látið í ljós að það sé með ofskynjanir og/eða ranghugmyndir og beðið er um nánara mat hjá bráðateymi.

Bráðafasinn

- Í bráðaviðtalinu er fyrsta markmið að tryggja öryggi barnsins, m.a. með mati á sjálfsvígshættu, helstu geðrænu einkennum, fjölskylduaðstæðum og stuðningsneti.
- Tryggja þarf barninu svefn og næga næringu, en þegar um langvarandi vanlíðan er að ræða er því oft orðið mjög ábótavant og mikið hægt að vinna með því að koma þessum grunnþörfum á rétt ról.

Bráðafasinn, frh.

- Oft þarf að upplýsa foreldra/forráðamenn um erfiðar hugsanir og líðan til að þau geti stutt barnið í framhaldinu.
- Ef um er að ræða sjálfsvígshættu og/eða alvarleg geðræn einkenni kemur til greina að leggja barnið inn á legudeild BUGL.
- Í fæstum tilfellum leggjast börnin inn, en fá oft endurkomutíma hjá bráðateymi.

Meðferðarvinna

- Í viðtölum í kjölfar bráðaviðtals er fylgst með þróun mála, árangur inngripa sem gripið var til í bráðaviðtali metinn, og fjölskyldunni veitt áframhaldandi ráðgjöf og stuðningur.
- Þegar um er að ræða alvarlegt þunglyndi, kvíða, og/eða geðrofseinkenni og líklegt þykir að málinu verði vísað í göngudeild er lyfjameðferð stundum hafin og henni síðan fylgt eftir næstu vikur og jafnvel mánuði á eftir.
- Einnig er stundum hægt að hefja lyfjameðferð í heilsugæslu með ráðgjöf frá sérfræðilæknum BUGL.

Fjölskyldumeðferð í bráðafasa

- Þegar um er að ræða mikinn samskiptavanda innan fjölskyldunnar er boðið upp á nokkur fjölskylduviðtöl til að reyna að losa um mestu hnútana og tryggja að rödd allra heyrist.
- Það getur bætt líðan barnsins gríðarlega að samskiptalínurnar innan fjölskyldunnar séu opnaðar og að það upplifi að það geti tjáð sig opinskátt um líðan sína.

Hópmeðferð í bráðafasa

- Vonarhópurinn er hópúrræði fyrir stúlkur sem koma í bráðaviðtal vegna sjálfsvígshugsana og/eða -tilrauna.
- Aldursskipt er í hópinn, 12-15 ára og 15-18 ára.
- Hópurinn er með slow-open sniði, þannig að af og til bætast við nýir þátttakendur.
- Ekkert fast prógramm, heldur er viðfangsefnið það sem þátttakendur koma með að borðinu hverju sinni.
- Mikið meðferðargildi í því að hitta aðra unglunga sem eru í svipaðri stöðu og geta rætt sín mál í öruggu umhverfi.

Flókin mál-Meiri vinnsla

- Ef málin eru flókin og þörf á aðkomu margra aðila er stundum boðað til funda til að samræma aðgerðir og skipta verkum.
- Ef í ljós kemur að búið er að fullreyna úrræði í heimabyggð og um er að ræða alvarlegan og flókinn vanda er málum vísað í göngudeild BUGL til frekari uppvinnslu.
 - Bráðateymi sinnir þá málunum áfram á meðan beðið er eftir tíma í göngudeild.

Útskrift úr bráðateymi

- Mál eru alltaf útskrifuð úr bráðateymi með bréfi sem sent er rafrænt á heilsugæslu. Afrit eru send á aðra meðferðaraðila ef einhverjir eru og á foreldra.
- Mörg börn útskrifast eftir bráðaviðtalið eða eftir 1-2 endurkomutíma.
- Bráðateymi getur almennt ekki veitt meðferð til lengri tíma og miðar því alltaf við að koma jafnvægi á sem hraðast og koma málunum í farveg, helst í heimabyggð barnsins.

Dæmi um mál í meðferð hjá bráðateymi

- Anna er 14 ára stúlka sem kom á bráðamóttöku eftir lyfjaofskammt.
- Um var að ræða planaða sjálfsvígstíraun og hún tók inn hættulegt magn lyfja, en lét foreldra sína vita nokkru síðar.
- Bráðateymi fór á bráðamóttöku til að ræða við Önnu og foreldra hennar.
- Fram komu nokkuð alvarleg og langvarandi þunglyndiseinkenni, tilfinningalegur óstöðugleiki, sjálfskaði og ættarsaga um þunglyndi.
- Anna var ekki metin í bráðri sjálfsvígshættu og fékk endurkomutíma hjá bráðateymi eftir nokkra daga.

Dæmi um mál í meðferð hjá bráðateymi

- Anna og foreldrar hennar komu í 2 endurkomutíma hjá bráðateymi þar sem markmiðið var að kynnast þeim betur og fylgjast með líðan stúlkunnar.
- Í viðtölum kom fram áframhaldandi vanlíðan og óregla á svefni og næringu.
- Anna og foreldrar hennar fengu ráðleggingar varðandi svefn og næringu og fylgdu þeim vel eftir.
- Þrátt fyrir að betur gengi með grunnþarfirnar var mikil vanlíðan áfram til staðar og erfiðleikar með að haldast í skólanum yfir daginn.

Dæmi um mál í meðferð hjá bráðateymi

- Í eftirfylgdarviðtölum kom fram að samskiptaerfiðleikar í félagahóp í skólanum væru að spila inn í vanlíðan Önnu.
- Einnig kom fram að fleiri stúlkur í árgangnum væru að skaða sig, og jafnvel um smitáhrif að ræða.
- Foreldrar fengu ráðleggingar um að hafa samband við umsjónarkennara og námsráðgjafa til að hægt væri að vinna með þetta.
- Það gekk vel, en annars hefði mögulega verið boðið upp á skólafund með bráðateymi.

Dæmi um mál í meðferð hjá bráðateymi

- Mælt var með viðtalsmeðferð fyrir Önnu, en hún hafði áður verið í viðtölum hjá sálfræðingi á heilsugæslunni í hverfinu.
- Úr varð að hún færi aftur í viðtöl til sama sálfræðings og áður.
- Þar sem um var að ræða langvarandi vanlíðan sem hamlaði Önnu á flestum sviðum tilverunnar var ákveðið að fá viðtal hjá barna- og unglingageðlækni til að meta þörf fyrir lyfjameðferð.

Dæmi um mál í meðferð hjá bráðateymi

- Sett var inn lyfjameðferð með algengu SSRI lyfi.
- Innan nokkurra vikna fóru að sjást jákvæðar breytingar á líðan Önnu.
 - Hún brosti meira, var jákvæðari og minna var um árekstra í samskiptum heima.
 - Svefn og matarlyst færðust í eðlilegt horf.
 - Mætingar í skóla og samskipti við félagaga bötunuðu til muna.
 - Sjálfsvígshugsanir og sjálfsskaði hurfu alveg.

Dæmi um mál í meðferð hjá bráðateymi

- Anna og foreldrar hennar fengu loka eftirfylgdarviðtal u.þ.b. 2 mánuðum eftir fyrstu komu í bráðaviðtal.
- Þunglyndiseinkenni hennar virtust þá að mestu horfin, hún var á leið í sálfræðiviðtöl í heimabyggð og átti einnig pláss á sjálfstyrkingarnámskeiði sem myndi hefjast innan skamms.
- Anna var útskrifuð í heilsugæslu með ítarlegu bréfi, þar sem viðhald lyfjameðferðar var sett í hendur heimilislæknis.

Takk fyrir 😊